

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 28. apríl 2014 kl. 18:00. Fundur númer 738

Mættir eru: Bjarnveig, Edda Kamella, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn.

1. Bjarnveig formaður setti fund kl. 18:06
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
3. Innsend bréf.
 - i. Bréf dagsett 3. apríl; Afstaða félags fanga lagt fram til kynningar.
 - ii. Bréf dagsett 10. apríl; BSÍ Ársþing Badmintonsambands Íslands 2014 lagt fram, fulltrúar UMSE á þinginu eru Sigurður Eiríks og Þorgerður Hauksdóttir.
 - iii. Bréf dagsett 14. apríl; UMFÍ, Ályktun ungmenna á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Ísafirði 9-11 apríl 2014 lagt fram til kynningar.
 - iv. Bréf dagsett 15. apríl; ÍSÍ, Heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna. Lagt fram til kynningar.
 - v. Bréf dagsett 25. apríl; Óskar Jenson (Samskipum) þar sem óskað er eftir reikningi frá UMSE vegna dreifingar á jólapökkum, Þorsteinn sér um að senda reikninginn.
 - vi. Jólapakkar; 2013 fóru 250 jólapakkasendingar um svæði UMSE sem gera kr. 157.371. Samþykkt að Þorsteinn sendi bréfi þar sem Samskipum er þakkaður stuðningurinn.
4. Tvær umsóknir hafa borist sambandinu um keppnisstyrki, umfjöllun umsókna frestað, þar til vinnureglur kjörinna fulltrúa í stjórn hafa verið samþykktar.
5. Þinggerðin frá 93. landsþingi tekin fyrir skoðast hún samþykkt með áorðnum breytingum.
6. Vinnureglur vegna stjórnarfundu UMSE ræddar og skoðast þær samþykktar með áorðnum breytingum. Vinnureglur stjórnar munu vera birtar á heimasíðu UMSE.
7. Vinnureglur kjörinna fulltrúa í stjórn vegna almennra styrkveitinga ræddar og samþykktar með áorðnum breytingum.
8. Hlutverk kjörinna fulltrúa í stjórn rædd og samþykkt með áorðnum breytingum.
9. Nefndir:
 - a. Badmintonnefnd
 - Inga Arnhildur Ásgeirsdóttir og Þorgerður Hauksdóttir
 - b. Borðtennisnefnd

- Sigurður Eiríksson
- c. Frjálsíþróttanefnd
 - Þorgerður Guðmundsdóttir og Jóhanna Dögg Stefánsdóttir
- d. Knattspyrnunefnd
 - Gunnur Stefánsdóttir og Sigurður Friðleifsson
- e. Sundnefnd
 - Hólmfríður Gísladóttir
- f. Unglingalandsmótsnefnd
 - Brynhildur Bjarnadóttir, Bjarnveig Ingvarsdóttir, Þorsteinn Marinósson.

Rætt um að fjölga í nefndum og hvetja fleiri félagsmenn til starfa. Bjarnveig og Þorsteinn gáfu kost á sér í Unglingalandsmótsnefnd, frekari umræðum vegna nefnda frestað til næsta fundar.

10. Þorsteinn fór yfir stöðuna á umsóknarferli um Unglingalandsmót UMFÍ, farið yfir staðlað form umsóknar og gerðar viðeigandi athugasemdir. Umsóknarferlið er komið vel á veg og mun Þorsteinn fylgja því eftir. Umsóknarfrestur er til 30. apríl. Bréf sem fylgir umsókn um ULM lagt fyrri fundarmenn, samþykkt með áorðnum breytingum.
11. Önnur mál. Bjarney sagði frá fundi sem haldin var á Dalvík þar sem Sigurður Guðmundsson landsfulltrúi UMFÍ kynnti landsmót UMFÍ 50+ sem verður haldin á Húsavík 20- 22 júní 2014. Ákveðið að senda aðildarfélög sambandsins bréf ásamt kynningarbæklingi og hvetja félagsmenn til þátttöku á UMFÍ 50+.

Einar Hafliða tekur að sér að útbúa umsóknareyðublað vegna ferðastyrkja ákveðið að auglýsa styrkjaumsóknir og umsóknarfrest í maí á heimasíðu UMSE.

12. Næsti fundur ákveðin mánudaginn 2 júní kl. 18:00 í Búgarði, Sigrún kemur með veitingar
13. Fundarslit. Bjarney Ingvarsdóttir formaður sleit fundi kl. 19:52